

L Ö G

3

13. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman mánudaginn 12. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

4

20. jan.

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88 miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Nú verður breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það. Við ákvörðun iðgjaldsins skal miðað við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á síðastliðnu ári. Iðgjald þetta skal greiða með vísitöluálagi, samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

2. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist:

Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

3. gr.

Frestur sá til endurskoðunar á lögnum, sem settur er í 22. gr., framlengist um tvö ár.

4
20. jan.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

5
5. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

6
17. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenskum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.